



Umsögn

Viðtakandi: **Velferðarnefnd Alþingis**

Sendandi: **Félag háskólamenntaðra starfsmanna Stjórnarráðsins**

Dagsetning: **01.11.2022**

Efni: **Frumvarp til laga um breytingu á lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996, (stöðuveitingar) þingskjal 276 — 273. mál.**

Þann 19. október 2022 barst Félagi háskólamenntaðra starfsmanna Stjórnarráðsins (FHSS) umsagnarbeiðni frá velferðarnefnd Alþingis varðandi frumvarp til laga um breytingu á lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996 (stöðuveitingar). Frestur til umsagnar var veittur til 2. nóvember 2022.

Í frumvarpinu er lagt til að heimildir stjórnvalda til að víkja frá meginreglu 7. gr. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1966, um auglýsingaskyldu verði þrengdar og þar með hnykkt á því að flutningur embættismanna sé undantekning frá almennri meginreglu um auglýsingaskyldu. Með það að leiðarljósi að allar ráðningar hins opinbera miði að því að styrkja faglegan grundvöll stjórnsýslunnar telur félagið umrætt frumvarp vera til bóta og styður framgang þess.